

Birtist í Morgunblaðinu, 20. September 2008.

Fjárlög þegar á móti blæs

Jón Steinsson

Senn líður að því að fjármálaráðherra kynni fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár. Sú skoðun virðist vera almenn að stjórnvöld þurfi að sýna sérstakt aðhald í ríkisfjármálum á næsta ári vegna þeirra þrenginga sem hagkerfið er að ganga í gegnum þessi misserin. Hugsunin er væntanlega sú að allir þurfi að herða sultarólina þegar á móti blæs jafnt ríki og sveitarfélög sem og fyrirtæki og heimili.

Þessi hugsun er gölluð að því leyti til að hún tekur ekki tillit til sérstöðu ríkisins hvað varðar fjárhagslegan styrk. Ríkissjóður hefur fjárhagslega burði til þess að sigla í gegnum öldudal eins og þann sem við búum við á Íslandi í dag án þess að hann lendi í fjárhagslegum erfiðleikum.

Ríkissjóður er því í þeirri stöðu að geta nýtt sér þann slaka sem myndast í hagkerfinu þegar illa gengur hjá einkageiranum til þess að ráðast í verkefni sem hann þyrfti líklega að greiða hærra verð fyrir á þenslutímum þegar laun og verð aðfanga er í hæstu hæðum. Að þessu leyti er skynsamlegt fyrir ríkissjóð að tímasetja viðhald og verklegar framkvæmdir þannig að þær aukist í niðursveiflu og minnki í uppsveiflu.

Nú er líklegt að fjárlagafrumvarpið geri ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs muni dragast verulega saman á næsta ári (a.m.k. að raunvirði). Þar vegur þungt að fjármagnstekjuskattur verður að líkindum miklu minni en hann hefur verið undanfarin ár. En veltuskattar og tekjuskattar munu líklega einnig gefa eftir.

Til þess að skila fjárlögum með afgangi á næsta ári þyrftu stjórnvöld því að draga verulega saman seglin á öllum vígstöðvum. Ef stjórnvöld gerðu það myndu þau í raun vera að magna upp niðursveifluna í hagkerfinu. Fjármálastefna ríkisins væri þá þannig að hún ýtti undir þenslu á þenslutímum og ýtti síðan undir kreppu á krepputímum. Hljómar það eins og góð stefna?

Nei, góð fjármálastefna ríkisins stefnir að því að skila fjárlögum hallalausum að meðaltali yfir hagsveifluna en ekki endilega hallalausum ár eftir ár. Þegar þensla er á ríkissjóður að skila afgangi (eins og hann hefur gert undanfarin ár). Þegar á móti blæs á ríkissjóður að skila halla (eins og vonandi verður á næsta ári). Með þessu móti er fjármálastefna ríkisins sveiflujafnandi en ekki sveifluhvetjandi.

Ef ríkissjóður er rekinn með þessu móti má segja að ríkið hjálpi á krepputímum til við að koma hjólum efnahagslífsins aftur í gang og komi þannig í veg fyrir víðtækt atvinnuleysi. Skynsemi þess að haga ríkisfjármálum með þessum hætti var einn af stóru lærdómunum sem hagfræðingar lærðu af reynslu þjóða í kreppunni miklu á fjórða áratug síðustu aldar.

Undanfarin ár hafa stjórnvöld safnað í kornhlöðurnar. Afgangur hefur verið af rekstri ríkissjóðs ár eftir ár og skuldir hafa verið greiddar niður. Fjárhagsstaða ríkisins er því með eindæmum sterk í dag. En til hvers að safna í kornhlöður ef ekki má ganga á þær birgðir þegar á móti blæs? Eina vitið ef áfram heldur sem horfir og hagkerfið verður í öldudag á næsta ári er að ríkissjóður verði rekinn með halla með það að augnamiði að draga úr öldudalnum og hjálpa til við að koma hagkerfinu aftur upp í hámarksafköst.